

LAGNING TVEGGJA SÆSTRENGJA MILLI LANDEYJASANDS OG VESTMANNAEYJA, RANGÁRÞINGI EYSTRÁ OG VESTMANNAEYJABÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð lagning tveggja sæstrengja milli Landeyjasands og Vestmannaeyja, Rangárþingi eystra og Vestmannaeyjabæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdanna kunni að verða þar sem leggja á háspennustrengina nærri friðlýstum virkishleðslum á Skansinum í Vestmannaeyjum. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins um að við lagningu strengjanna um Skansinn verði tryggt að jarðrask nái ekki út fyrir stíginn sem þar liggur og framkvæmdirnar verði innan þess svæðis sem þegar hefur verið raskað vegna fyrri framkvæmda á Skansinum. Sömuleiðis tekur Skipulagsstofnun undir að tryggt verði að grafnir verði skurðir í öryggri fjarlægð frá minjum við Rimakot á Landeyjarsandi.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Rangárþings eystra og Vestmannaeyjabæjar, skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þurfa að liggja fyrir samþykktar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra og aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir lagningu sæstrengja samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. október 2009.

23. september 2009

INNGANGUR

Þann 1. júlí 2009 tilkynnti Verkís, f.h. Landsnets, til Skipulagsstofnunar fyrirhugaða lagningu tveggja sæstrengja milli Landeyjasands og Vestmannaeyja, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings eystra, Vestmannaeyjabæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Rangárþingi eystra með bréfi dags. 23. september 2009, Vestmannaeyjabæ með bréfi dags. 11. ágúst 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfum dags. 27. júlí og 17. september 2009, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 18. ágúst 2009, Orkustofnun með bréfi dags. 24. júlí 2009, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 10. ágúst 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. ágúst 2009.

Frekari upplýsingar bárust frá Verkís með greinargerð fornleifafræðings sem móttekin var 14. september og tölvupósti dags. 18. september 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að leggja á tvo háspennustrengi frá tengistað við Rimakot á Landeyjasandi til Vestmannaeyja. Á landi verði tveir 3x66 kV einleiðarar grafnir í jörðu, annars vegar frá Rimakoti á Landeyjasandi að samsetningarmúffu í um 200 m fjarlægð frá ströndinni og hins vegar frá samsetningarmúffu í Gjabakkafjöru í Vestmannaeyjum um Skansfjöru og Skansinn og meðfram Strandvegi að tengistað nærri mjölskemmu Ísfélags Vestmannaeyja. Í sjó verði lagðir tveir 66 kV sæstrengir, sem tengist landstrengjunum í samsetningarmúffu á Landeyjasandi og í Vestmannaeyjum. Samtenging milli land- og sæstrengja verði í niðurgröfnum brunnnum og eina mannvirkjagerðin samfara framkvæmdunum verði gerð stefnumerki á landi.

Fram kemur að kapalskip muni leggja sæstrengina samsíða og með 50 m millibili. Byrjað verði á því að festa strengina við akkeri á Landeyjarsandi á þeim stað þar sem samsetningarmúffa verði staðsett og þaðan verði strengirnir lagðir á botninn að samsetningarmúffu í Eyjum. Frá Landeyjarsandi að Álnum, u.þ.b. miðja vegu milli lands og Eyja, sé sandbotn og gert sé ráð fyrir því að á þeim kafla muni sæstrengirnir sökkva í sandinn með tímanum. Frá Álnum að Vestmannaeyjum sé botninn harður og á þeim hluta leiðarinnar verði strengirnir á köflum fergðir með mottum eða steypum sökkum, miðað við sjávaröldu og strauma á hverjum stað. Fram kemur að veiðibann sé á fyrirhugaðri legu strengjanna.

Fram kemur að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvenær hafist verði handa við lagningu sæstrengjanna.

Áhrif á landslag, náttúrufar og fornleifar. Fram kemur að á Landeyjarsandi muni strengirnir liggja um landbúnaðarsvæði, sem er að mestu leyti sandfjara en einnig gróið land. Ummerki um rask á landi muni sjást á framkvæmdatíma og þar til land grær á ný en að framkvæmdum loknum verði yfirborði jarðvegs sett í sama horf og það var áður. Einu sjáanlegu ummerki á landi verði stefnumerki og merkingar við tengibrunna. Til langs tíma verði áhrif framkvæmdanna á landslag óveruleg.

Fram kemur að á þeim kafla sem sæstrengir muni liggja á sandsteinsbotni, sé botn ekki þakinn gróðri og hann verði fyrir óverulegum áhrifum vegna lagningar

sæstrengjanna og fergingu þeirra. Áhrif framkvæmdanna á náttúrufer og vistkerfi á landi og í sjó verði óveruleg. Þá muni framkvæmdirnar ekki hafa áhrif á skráðar fornleifar á svæðinu.

Samræmi við skipulagsáætlanir og samráð við landeigendur. Fram kemur að samþykkt tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014 geri ráð fyrir nýrri landtöku rafstrengja milli lands og Eyja. Búið sé að gera tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015. Fram kemur að í desember 2007 hafi öllum landeigendum á Landeyjarsandi verið kynnt áætlun Landsnets um að leggja nýja háspennustrengi um lönd þeirra.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Rangárþing eystra, Vestmannaeyjabær, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Orkustofnun, Siglingastofnun Íslands og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á náttúrufer. Umhverfisstofnun bendir á að lagning sæstrengja í Gjábackafjöru og Skansfjöru verði innan svæðis nr. 723 á náttúruminjaskrá, Helgafell og Eldfell. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdirnar muni hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins þar sem strengir verði grafnir í sand og þeir dregur um ídráttarrör gegnum Brimnesið. Rafstrengir sem muni liggja frá Rimakoti um Landeyjarsand til hafs muni liggja að hluta um gróið ræktað land en að mestu leyti um ógróinn sand og telur Umhverfisstofnun líklegt að áhrif framkvæmdanna á gróður verði óveruleg.

Hafrannsóknastofnunin bendir á að strengir muni liggja á hafsbotni þar sem bannað sé að veiða og fyrir eru aðrar lagnir, m.a. eldri rafstrengir, vatnslagnir og símastrengir. Rask af völdum strengjanna á fjöru og hafsbotn verði lítil.

Orkustofnun telur brýnt að legu strengja verði haldið til haga þannig að hægt verði að taka mið af þeim ef til kemur nýting auðlinda á sjávarbotni á þeim slóðum í framtíðinni. Bendir stofnunin á að núverandi strengir anni ekki orkuþörf Vestmannaeyja og þurft hafi að brenna olíu til að hita vatn fyrir hitaveitu staðarins og framleiðslu á fiskmöli og einnig hafi þurft að keyra ljósavélar þegar núverandi strengir hafi bilað. Gera megi ráð fyrir að með nýjum strengjum minnki notkun kolefnaríks eldsneytis.

Áhrif á fornleifar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins er bent á að samkvæmt fornleifaskráningu sé spennustöð á Landeyjarsandi um 10 metrum vestan við fornan bæjarhól Rimakots og þar hafi verið skipt um jarðveg, sem ef til vill hafi raskað minjum á þeim stað. Hægt verði að komast hjá frekari röskun á minjunum meðan á framkvæmdum standi með því að leggja skurði framhjá minjunum og gera verktökum grein fyrir tilvist þeirra. Fornleifavernd ríkisins bendir á að fornleifar hafi ekki verið skráðar þar sem strengirnir muni liggja í Vestmannaeyjum og kanna þurfi hvort fornleifar finnist þar á leið strengjanna og hvort þeim stafi hætta af framkvæmdinni.

Í kjölfar umsagnar Fornleifaverndar ríkisins vann fornleifafræðingur greinargerð fyrir Landsnet þar sem fram kemur að ekki hafi verið gerð heildar skráning fornleifa í Vestmannaeyjum. Skansinn hafi verið friðlýstur árið 1930. Sæstrengur hafi legið í jörðu austan og sunnan við Skansinn, en strengurinn eyðilagst í Heimaeyjagösinu árið 1973. Eftir gos hafi nýr strengur verið lagður í jörðu að Skansinum og í stíg sem liggja í gegnum hann. Árið 2000 hafi annar strengur verið lagður í sama stíg og hann

hellulagður. Fyrirhugað sé að leggja háspennustrengina í stíginn á sama stað og áður hafi verið gert. Stígurinn sé 3 m breiður en gert sé ráð fyrir að strengirnir verði lagðir í 2 m löngum skurði eftir stígnum. Fornar virkishleðslur séu beggja megin stígsins og einnig í brekkunni við austurhlið virkisins. Með hliðsjón af því að leggja eigi háspennustrengina um Skansinn á þeim stað sem fyrri lagnir liggja og dýpt skurðarins verði um 0,70 m (fyrri gröftur um 1 m á dýpt) megi ætla að ekki verði farið niður í óhreyfða jörð og að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki skaða fornleifar á Skansinum umfram það sem þegar hafi orðið.

Í frekari umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að ætla megi að framkvæmdin muni ekki valda frekari skemmdum á fornleifum en huganlega hafi orðið vegna fyrri jarðrask á svæðinu. Gæta verði þess að jarðrask haldist innan þess svæðis sem áður hafi verið raskað og það nái ekki út fyrir stíginn sem liggja um Skansinn. Ekki muni aðrar fornleifar vera á leið strengjanna í Heimaey.

Áhrif á landnotkun. Í umsögnum sínum benda Vestmannaeyjabær og Siglingastofnun Íslands á að hugmyndir séu um að byggja stórskipahöfn í Skansfjör, þar sem gert sé ráð fyrir stórskipakanti og brimvarnargarði niður á rúmlega 40 m dýpi um það bil 200 m austan við fyrirhugaða landtöku sæstrengjanna. Samkvæmt gögnum Verkíss muni fyrirhugaður garður verða lagður yfir sæstrengina á þeim stað.

Í svari Landsnets var lögð fram ný áætlun um legu sæstrengja eftir sjávarbotni á þeim stað sem fyrirhugaður brimvarnargarður muni liggja. Gerir áætlun ráð fyrir að sæstrengirnir muni liggja norðan og vestan við væntanlegan brimvarnargarð. Breytt lega þeirra muni ekki hafa áhrif á það hvar strengirnir komi á land í Gjábackafjör

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu tveggja háspennustrengja frá Landeyjasandi til Vestmannaeyja. Á landi verða tveir 3x66 kV einleiðarar grafnir í jörðu, annars vegar á Landeyjasandi og hins vegar frá Gjábackafjöru í Vestmannaeyjum að tengistað nærri mjölskemmu Ísfélags Vestmannaeyja. Í sjó verða lagðir tveir 66 kV sæstrengir, sem tengdir verða landstrengjunum. Stefnumerki á landi verða einu mannvirkin sem gerð verða samfara framkvæmdunum.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hefur komið fram að á landi verða háspennustrengirnir grafnir að mestu leyti í ógróinn sand á Landeyjarsandi og í fjöru í Eyjum (Gjábackafjara og Skansfjara). Að framkvæmdum loknum ætlar Landsnet að ganga frá yfirborði jarðvegs þannig að það verði í sama horfi og áður var. Þá er ljóst að í Vestmannaeyjum verða háspennustrengir grafnir í fjöru innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá og í jörð nærri friðlýstum virkishleðslum á Skansinum, þar sem fyrir eru aðrar leiðslur sem lagðar voru um Skansinn fyrir á árum. Í sjó munu sæstrengir liggja á svæði þar sem fyrir eru eldri lagnir og talið er líklegt að áhrif framkvæmdanna á fjöru og hafsbotn verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdanna kunni að verða þar sem leggja á háspennustrengina nærri friðlýstum virkishleðslum á Skansinum í Vestmannaeyjum. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins um að við lagningu strengjanna um Skansinn verði tryggt að jarðrask nái ekki út fyrir stíginn sem þar liggur og framkvæmdirnar verði innan þess svæðis sem þegar hefur verið raskað vegna fyrri framkvæmda á Skansinum. Sömuleiðis tekur Skipulagsstofnun

undir að tryggt verði að grafnir verði skurðir í öryggri fjarlægð frá minjum við Rimakot á Landeyjarsandi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsnets vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning tveggja sæstrengja milli Landeyjasands og Vestmannaeyja, Rangárþingi eystra og Vestmannaeyjabæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Rangárþings eystra og Vestmannaeyjabæjar, skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þurfa að liggja fyrir samþykktar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra og aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir lagningu sæstrengja samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. október 2009.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

Skipulags
stofnun